



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**55. fundur eigendafundar Sorpu bs.
var haldinn í fjarfundi, mánudaginn 19. janúar 2026
og hófst hann kl. 13:42.**

Fundinn sátu:

Heiða Björg Hilmisdóttir, Almar Guðmundsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Regína Ásvaldsdóttir, Valdimar Víðisson, Þór Sigurgeirsson, Dóra Björt Guðjónsdóttir, Svana Helen Björnsdóttir, Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri Sorpu bs., Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Heiða Björg Hilmisdóttir formaður eigendavettvangs setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. SORPA -Heildarlausn í úrgangsmálum - brennsla - 1908010

Forsaga málsins:

Á 52. eigendafundi Sorpu bs. sem haldinn var hinn 18. nóvember 2024 var eftirfarandi fært í fundargerð:
"Á 508. fundi stjórnar Sorpu bs. sem haldinn var 6. nóvember sl. var eftirfarandi bókað vegna umræðu um undirbúningsvinnu vegna stofnunar undirbúningsfélags um hátæknibrennslu á Íslandi. Undirbúningsfélagið er samstarfsverkefni Sorpu bs., Kölku sf. og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis:
„Stjórn samþykkir að SORPA bs. taki þátt í stofnun Undirbúningsfélags um hátæknibrennslu á Íslandi með Kölku sf. og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu. Framkvæmdastjóra er falið að vinna málið áfram og kynna jafnframt á eigendafundi byggðasamlagsins.“

Niðurstaða fundar:

Stjórn SSH tilnefnir Pál Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóra SSH í stjórn undirbúningsfélagsins."

Á 523. stjórnarfundum Sorpu bs. sem fram fór 10. desember 2025 var eftirfarandi bókað:

„Stjórn SORPU bs. veitir framkvæmdastjóra heimild til þess að stofna Undirbúningsfélag um hátæknibrennslu á Íslandi ehf. á þeim forsendum sem kynntar hafa verið í erindi dags. 10. des. 2025. Stjórn felur framkvæmdastjóra jafnframt að upplýsa eigendavettvang samlagsins um stofnun félagsins og þær forsendur sem henni liggja til grundvallar. Stjórn undirbúningsfélagsins verður skipuð þremur fulltrúum, tveimur frá SORPU bs. og einum frá Kölku sf. Fulltrúar SORPU í stjórn félagsins verða Jón Viggó Gunnarsson, framkvæmdastjóri SORPU bs., og Páll Björgvin Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.“



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Umfjöllun fundarins:

Fyrirliggjandi er minnisblað framkvæmdastjóra Sorpu bs., sem lagt var fyrir 523. fund stjórnar Sorpu bs. vegna málsins.
Framkvæmdastjóri Sorpu bs. kynnir.

Niðurstaða:

Umræður. Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:05.

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026